



Opinn fundur í hátíðarsal FG - 4. október 2023

Kristinn Þorsteinsson opnaði fundinn og bauð nemendur velkomna.

Hulda Björg Óladóttir hjúkrunarfræðingur kynnti sig og hvenær hún verður í skólanum í vetur, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga fyrir hádegi. Hún hvatti nemendur til að panta tíma og nota þjónustuna sem boðið er upp á.

Anna María Gunnarsdóttir, nýr aðstoðarskólameistari, kynnti sig. Hún notaði tækifærið og hvatti nemendur til að mæta vel í allar kennslustundir.

Kristinn talaði um umgengni í skólanum – hún getur vel verið MIKLU betri.

Guðrún Fjóra – forseti NFFG þakkaði fyrir góða aðsókn á atburði sem þau hafa staðið fyrir.

Næstu atburðir verða:

- Úlfhildur, formaður íþróttanefndar, ÍPRÓ.
FG-Flens verður 19.10 í Strandgötu í Hafnarfirði. Boðið verður upp á rútur frá FG. Keppt verður í ýmsum greinum s.s. fótbolta og kappáti. Öll hvött til að mæta í hvítum fötum og fylgja NFFG á Instagram þar sem allar upplýsingar verða aðgengilegar.
- Petra, skemmtanastjóri.
Halloweenvika framundan með mikilli skemmtun og húllumhæi.
- Ingibert, varaforseti.
Verið er að undibúa keilumót fljótlega og Salsaball í desember.
- Petrún og Erling eru nýnemafulltrúar
Þau sögðu frá skíðaferðinni sem fyrirhuguð er í mars á næsta ári.
- Aron, formaður málfundafélagsins.
Morfís er farið af stað og gengur vel. Gettu betur er í startholunum og opin æfing á morgun fyrir þá sem vilja prófa.
- Trausti markaðsstjóri
Sagði frá nemendaskírteinum sem eru væntanleg.
- Úlfhildur bætti við upplýsingum um peysur og buxur sem hægt verður að kaupa fljótlega.

Það er komið að nemendum í sal og míkrofónn fer af stað.



Opinn fundur í hátíðarsal FG - 4. október 2023

Hvað kosta fötin?

- Verið er að vinna í kostnaði og verður kynntur um leið og hægt er.

Á hvaða miðli er best að fylgjast með upplýsingum um fötin?

- Instagram.

Kristinn talar um að margir nemendur eru að fara til útlanda á vegum skólans. Hann hvatti nemendur til að skipuleggja sig vel og námið. Fjarvera getur gert námið flóknara. Hópar að fara til Spánar, Berlínar og Bandaríkjanna, auk þess eru nokkrir nemendur á Ítalíu.

Fleiri spurningar úr sal.

FG er búið að vera í fréttunum undanfarið. Hvað getur starfsmaður skólans gengið langt áður en hann er rekinn?

- Kristinn sagði að þetta væri flókið og þakkaði nemendastjórn skólans og Hinsegin félaginu fyrir þeirra viðbrögð.

Hvað er uppáhaldslagið þitt Kristinn?

- Paradísarfuglinn.

Á síðasta skólaári var vika sem var tileinkuð „gegn fordómum“. Verður það eins í ár?

- Ekki endilega heil vika en starfsemin á að ganga út á þetta alla daga.

Hvenær verður byrjað að selja miða á salsaballið?

- Miðasalan hefst viku fyrir ballið sem verður um miðjan september. Einu sinni var salsaballið stærsta ball skólans og það er mikill hugur í nemendum að endurvekja það.
- Hugmyndin er líka að hafa jólaviku.

Ekki fleiri spurningar og Kristinn sleit fundi.